

Viðauki I

Afkoma Símans af þjónustu yfir koparheimtaugar

Viðauki við umsögn Mílu um styrk úr jöfnunarsjóði alþjónustu, júlí 2018

1. Almenn

Hér fyrir neðan er gert grein fyrir útreikningum og skýringum Símans vegna umsóknar Mílu um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu, sbr. kafla 3 í ákvörðun PFS nr. 26/2018. Líta ber á þennan viðauka sem hluta af ákvörðun stofnunarinnar.

Með greinargerð Símans fylgdu tvö Excel skjöl:

*„Síminn 2017 - Greining á rekstri yfir koparheimtaugar“
„Talsímaþjónusta_heildsala_kostnaðargreining_2017“*

2. Greinargerð Símans

Um tekjur

Samkvæmt Símanum er einungis lítill hluti af tekjum hvernar þjónustu heimfærður niður á símsstöðvar í upplýsingarkerfum Símans, ekki sé því hægt að nota raungögn til að greina tekjur niður á símsstöðvar með einföldum hætti. Heildartekjum hvernar þjónustu er því skipt niður á símsstöðvar í hlutfalli við fjölda tenginga á hverri símsstöð.

Um kostnað

Samkvæmt Símanum samanstendur kostnaður sem Síminn veitir yfir koparheimtaugar af beinum rekstrarkostnaði sem gjaldfærður er á viðkomandi þjónustu, hlutdeild í sameiginlegum rekstrarkostnaði vegna stoðeilda og yfirstjórnar og reiknuðum árlegum kostnaði vegna fjárbindingar.

Greiningin miðast við raunkostnað árið 2017.

Þeirri aðferð sem fyrirtækið viðhefur við heimfærslu kostnaðar lýsir fyrirtækið með eftirfarandi hætti:

„Kostnaður er heimfærður beint á viðkomandi símsstöð í þeim tilvikum sem slíkt er framkvæmanlegt en annars er kostnaði deilt niður á símsstöðvar í hlutfalli við fjölda tenginga fyrir viðkomandi þjónustu í hverri símsstöð árið 2017.“

Rekstrarkostnaður eins og hann er bókaður á hverja einingu er flokkaður eftir því hvort hann er metinn umflýjanlegur eða ekki. Við mat á því hvort kostnaður er umflýjanlegur er horft til þess hvers eðlis kostnaðurinn er og hvort niðurlagning á símsstöðvum á ákveðnum landssvæðum verði til þess að umræddur kostnaður falli brott (þ.e. ef Síminn myndi hætta að veita þjónustu yfir koparheimtaugar á umræddu landssvæði). Hér er því verið að horfa til áhrifa á kostnað til lengri tíma.

Sameiginlegur kostnaður vegna stoðdeilda og yfirstjórnar er einnig flokkaður eftir því hvort hann er metinn umflýjanlegur eða ekki. Við mat á hlutfalli umflýjanlegs kostnaðar er sameiginlegur kostnaður greindur niður á deildir sem mynda kostnaðinn og kostnaður flokkaður eftir eðli starfsemi viðkomandi deildar. Í þeim tilvikum sem starfsemi deildarinnar snýr beint að sölu til viðskiptavina er kostnaðurinn metinn umflýjanlegur en í þeim tilvikum sem um almenna þjónustu við vöruna eða viðskiptavininn er að ræða s.s. vettvangsþjónusta og reikningagerð þá er kostnaðurinn metinn óumflýjanlegur að hluta. Í þeim tilvikum sem umfang þjónustu og fjöldi hefur lítil áhrif er kostnaðurinn metinn óumflýjanlegur. Hér er einnig verið að horfa til áhrifa af breyttum rekstrarforsendum á rekstrarkostnað til lengri tíma litið.

Ekki er alltaf hægt að meta með fullri vissu hvort kostnaður sé umflýjanlegur og þá hversu hátt hlutfall kostnaðar sé umflýjanlegur ef metið er að kostnaður sé umflýjanlegur að hluta. Skipting á kostnaði mun því alltaf verða háð mati á því hversu stór hluti kostnaðar er umflýjanlegur. Rétt er þó að benda á að þær símstöðvar sem hér eru til skoðunar, vegna taprekstrar hjá Mílu, þjónusta mjög lítinn hluta af heildarfjölda notenda hjá Símanum og taka því eingöngu á sig mjög lítinn hluta þess kostnaðar sem skipt er niður á símstöðvar í hlutfalli við fjölda notenda.

Bein gjöld sem bókuð eru á þjónustuna s.s. kostnaður frá Mílu, aðkeypt þjónusta, uppgjörsgjöld og afskrift viðskiptakrafna eru metin umflýjanlegur kostnaður enda er þessi kostnaður bein afleiðing af fjölda viðskiptavina og notkun þeirra á þjónustu. Til að gæta varúðar við mat á umflýjanlegum kostnaði í heild er hlutfall þessa kostnaðar metið [...]¹% umflýjanlegt þar sem ekki er hægt að fullyrða að allur kostnaður sé umflýjanlegur.

Önnur gjöld sem bókuð eru beint á þjónustu eru flokkuð áhjákvæmilega að hluta. Hér er t.d. kostnaður vegna þjónustusamninga (þjónustusamningar eru að hluta til háðir fjölda notenda), sölu- og markaðskostnaður og tölvu- og hugbúnaðarkostnaður. Þessi kostnaður er metinn [...] % umflýjanlegur fyrir talsíma- og gagnaflutningsþjónustu en [...] % fyrir sjónvarpsþjónustu.

Sameiginlegur kostnaður (yfirstjórn og stoðdeildir) er í fjárhagsbókhaldi skipt í kostnað vegna upplýsingakerfa, sölu- og markaðskostnað og yfirstjórn og stoðdeildir. Þessi kostnaður var greindur niður á einstaka deildir Símans og kostnaður metinn út frá eðli starfsemi viðkomandi deildar eins og nánar er lýst hér að framan. Þannig var fundið hlutfall þess kostnaðar sem myndi falla brott (eða lækka í hlutfalli við samdrátt) ef dregið væri úr þjónustu með því að hætta þjónustu á ákveðnum landssvæðum. Hlutfall umflýjanlegs kostnaðar var að meðaltali [...] % fyrir talsímaþjónustu í smásölu, [...] % fyrir talsímaþjónustu í heildsölu, [...] % fyrir gagnaflutningsþjónustu og [...] % fyrir sjónvarpsþjónustu.

Öllum kostnaði sem metinn er umflýjanlegur í greiningunni er skipt niður á símstöðvar í hlutfalli við fjölda tenginga per símstöð. Öðrum kostnaði er sleppt og hefur hann því ekki áhrif á niðurstöðuna á afkomu per símstöð.“

¹ Upplýsingar innan hornklofa eru felldar brott vegna trúnaðar. Það sama á við um hornklofa hér að neðan.

Um árgreiðslu fjárfestinga

Í greiningu Símans er stuðst við sömu WACC kröfu og notuð er í þeim kostnaðargreiningum sem skylt er að gera á þjónustu Mílu.

Síðan segir Síminn:

„Gert er ráð fyrir að [...] % af kostnaði vegna fjárbindingar talsímaþjónustu sé umflýjanlegur kostnaður en hér er að stórum hluta um að ræða notendabúnað sem fylgir fjölda notenda. Gert er ráð fyrir að [...] % af fjárbindingu vegna gagnaflutnings sé umflýjanlegur kostnaður enda er hér eingöngu um að ræða notendabúnað sem fylgir fjölda notenda. Gert er ráð fyrir að [...] % kostnaðar vegna fjárbindingar sjónvarpsþjónustu sé óumflýjanlegur. [...]

Um talsímaþjónustu í heildsölu

Rekstrarkostnaði talsímaþjónustu í heildsölu er samkvæmt Símanum skipt niður á útstigum (RSS) og aðra rekstrar og kerfisþætti.

Síminn lýsir útstigum með eftirfarandi hætti:

„Útstig (RSS):

Útstig (RSS) eru alls 229. Rekstrarkostnaður 2017 sem fellur undir RSS (útstig) er samtals [...] m.kr. samkvæmt greiningunni. Kostnaðurinn skiptist í meginatriðum í eftirfarandi þætti. Rekstrarkostnaður vegna útstiga er talinn umflýjanlegur að [...].

- Heimtaugar fyrir notendur [...]
- Hýsing vegna útstiga [...]
- Rafmagn [...]
- Stofnlínusambönd (SDH) [...]
- Þjónustusamningar [...]
- Uppgjörsgjöld [...]
- Númeragjöld (PFS) [...]
- Vinnulaun [...]
- Annar kostnaður [...]

Samtals er því [...] % kostnaðar við rekstur útstiga umflýjanlegur, þar sem ljóst er að hann fellur að mestu á brott við lokun á útstigum.

Aðrir kerfis- og rekstrarþættir:

„Rekstrarkostnaður árið 2017 sem fellur undir aðra kerfisþætti er kostnaður við rekstur á svæðis- og skiptistöðum, eftirlitskerfum, öðrum kerfisþáttum og kostnaður við samtengingu.

Kostnaðurinn nemur samtals [...] m.kr. og skiptist á eftirfarandi þætti (upplýsingar í sviga segja til um hlutfall kostnaðar sem talinn er umflýjanlegur).

- Hýsing fyrir svæðis- og skiptikostnaður [...]
- Rafmagn 240V endurselt af Mílu til Símans [...]
- Stofnlínusambönd (SDH) og samtengistraumar (SDH) [...]
- Vinnulaun [...]

- Þjónustusamningar [...]
- Annar kostnaður [...]

Þessum kostnaði (þ.e. þeim kostnaði sem talinn er umflýjanlegur) er dreift yfir á útstigin eftir fjölda tenginga og magni símsstöðvarbúnaðar á hverjum stað og er vegið með kostnaðarhlutföllum [...] % fyrir símsstöðvarbúnað og [...] % fjölda tenginga.

Síminn telur að kostnaður fyrir aðra kerfis- og rekstrarþætti sé [...] % umflýjanlegur kostnaður, það sem ljóst er að einungis lítill hluti kostnaðar fellur brott við lokun á útstigum.

Sameiginlegur kostnaður (yfirstjórnar- og stoðdeildarkostnaður) í greiningunni er samkvæmt raunkostnaði fyrir árið 2017 eins og hann er bókaður á þjónustuna í fjárhagsbókhaldbi. Kostnaði [...] m.kr. er dreift niður á símsstöðvar út frá hlutfalli af rekstrarkostnaði og árgjaldi á hverjum stað. Við mat á því hvort kostnaður vegna yfirstjórnar og stoðdeilda væri umflýjanlegur var notuð sama aðferðarfræði og líst er hér að ofan fyrir smásölu, niðurstaðan er að [...] % yfirstjórnar- og stoðdeildarkostnaður sem bókaður er á talsímaþjónustu í heildsölu er metinn umflýjanlegur.

Árgreiðsla af fjárbindingu er reiknuð út frá endurstofnvirði samkvæmt eignarbókhaldbi í SAP (FAR) fyrir símsstöðvar uppreiknað til verðlags 2017, með um 10 ára meðal líftíma. WACC krafa er 7,1% eða sú sama og hjá Mílu fyrir árið 2017. Eignir eru flokkaðar niður í svæðis- og skiptistöðvar, útstig, aflbúnaður og eftirlitskerfi. Árgjald útstiga er um [...] m.kr. á ári en aðrir kerfisþættir um [...] m. kr. eða samtals um [...] m. kr. Áætlað er að [...] % af kostnaði vegna fjárbindingar sé umflýjanlegur.

Samtals er umflýjanlegur kostnaður fyrir talsímaþjónustu í heildsölu um [...] % af heildarkostnaði, það er meðaltal fyrir útstig, aðra rekstrar og kerfisþætti, yfirstjórn og árgreiðslu af fjárbindingu.“

Talsímaþjónusta í smásölu

„Undir talsímaþjónustu í smásölu falla allar einingar talsímaþjónustu hvort heldur er innanlands eða til útlanda sem og ýmsar sérþjónustur. Að beiðni PFS er rekstur línugjalds einnig flokkaður undir talsímaþjónustu. Í uppgjör starfsþátta hjá Símanum er línugjaldið hins vegar flokkað með gagnaflutningsþjónustu.

Á viðföng talsímaþjónustu í smásölu er einnig bókaður rekstur fyrir ljósheimtaugar en þar sem tilgangur þessarar greiningar er að draga fram afkomu af rekstri koparheimtaugar er rekstur ljósheimtauga dreginn frá tekjum og gjöldum í greiningunni.

Rekstarkostnaður talsíma í smásölu er [...] m.kr. árið 2017. Undir þennan lið fellur allur kostnaður sem bókaður er beint á talsímaþjónustu s.s. kostnaður frá Mílu vegna heimtauga, leyfisgjöld og þjónustusamningur smásölu, uppgjörsgjöld, sölu- og markaðskostnaður, afskrift viðskiptakrafna og innri vinna. Þessum kostnaði er skipt upp eftir því hvort hann er talinn umflýjanlegur eða umflýjanlegur að hluta.

Sameiginlegur kostnaður (yfirstjórnar- og stoðdeildarkostnaður) er samkvæmt raunkostnaði fyrir árið 2017 eins og hann er heimfærður í þjónustuna í fjárhagsbókhaldbi, samtals [...] m.kr.

Kostnaður frá heildsölu Símans er [...] m.kr. kostnaður frá heildsölu Símans er að langstærstum hluta tekjur frá talsímaþjónustu og nettast því út í þessari greiningu.

Kostnaður vegna fjárbindingar í talsímaþjónustu í smásölu er metinn [...] m.kr. og eru [...] % metin umflýjanleg. Hér er aðallega um að ræða notendabúnað vegna sí mavistar og IP talsímaþjónustu.“

Gagnaflutningsþjónusta

„Undir gagnaflutningsþjónustu sem veitt er yfir heimtaugar fellur öll internetþjónusta, xDSL þjónusta, víðnetsþjónusta (IP og ATM þjónusta í smásölu) og leigulínur í smásölu. Rekstur yfir ljósheimtaugar er dreginn frá með sama hætti og gert er fyrir talsímaþjónustu í smásölu.

Rekstrarkostnaður gagnaflutnings í smásölu er [...] m.kr. Undir þennan lið fellur allur kostnaður sem bókaður er beint á þjónustuna, s.s. kostnaður frá Mílu vegna bitastraumsþjónustu, leyfisgjöld og þjónustusamningar smásölu, sölu- og markaðskostnaður, afskrift viðskiptakrafna og innri vinna. Sameiginlegur kostnaður (yfirstjórnar- og stoðdeildarkostnaður) er samkvæmt raunkostnaði fyrir árið 2017 eins og hann er heimfærður á þjónustuna í fjárhagsbókhaldi, samtals [...] m.kr.

Kostnaður vegna fjárbindingar í gagnaflutningi er metinn [...] m.kr. og er [...] % kostnaðar metin umflýjanleg. [...]“

Sjónvarpsþjónusta

„Undir sjónvarpsþjónustu sem veitt er yfir heimtaugar fellur rekstur á sjónvarpsviðmóti í smásölu, þjónustan Sjónvarp Símans premium, Heimur, Síminn Bío og Síminn Krakkar.

Rekstrarkostnaður sjónvarpsþjónustu í smásölu er [...] m.kr. Kostnaðurinn er að stórum hluta efniskostnaður en hér undir fellur einnig rekstrargjald til PFS, önnur leyfisgjöld og dreifing á sjónvarpsefni. Þar sem stór hluti af kostnaði hér er efniskostnaður sem er eingöngu að litlu leyti háður fjölda notenda er áætlað að [...] % af þessum kostnaði sé umflýjanlegur.

Kostnaður frá sjónvarpsþjónustu í heildsölu fyrir rekstur á sjónvarpskerfi og dreifingu á þjónustunni er [...] m.kr. (kostnaður frá tæknisviði fært undir innri heildsala). Áætlað er að [...] % af þessum kostnaði sé umflýjanlegur [...].

Sameiginlegur kostnaður (yfirstjórnar- og stoðdeildarkostnaður) er samkvæmt raunkostnaði fyrir árið 2017 eins og hann er heimfærður í fjárhagsbókhaldi, samtals [...] m.kr.

Kostnaður vegna fjárbindingar sjónvarpsþjónustu er metinn [...] m.kr. [...]

Að öðru leyti er vísað í meðfylgjandi vinnuskjöl við greiningu á rekstri þjónustu yfir koparheimtaugar og meðhöndlun á einstökum kostnaðarliðum.“